LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA
BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.

Stofnað 1949

11. stjórnarfundur L.H. 26.10.90 haldinn að Hótel Húsavík kl. 10:00.

Mættir: Kári, Skúli, Gunnar, Guðm, Kristbjörg, Jón, Elísabet, Sigbjörn, Kristmundur og Sigfús.

1. Farið yfir fjárhagsáætlun og kynnti Gunnar hana. Niðurstöðutölur hennar eru. 6.007.200 kr. Samþykkt samhljóða að leggja áætlunina fyrir þingið eins og hún liggur fyrir.

2. Breytingatillaga hefur komið frá Eyfirsku félögunum við álit milliþinganefndar um mótahald. Kynnti formaður hana og verður hún lögð fyrir þingið til meðferðar og afgreiðslu.

3. Formaður ræddi um að verði álit skipulagsnefndar samþykkt verður í því ákvæði til bráðabirgða, þannig að breytingar taki gildi eftir eitt ár. Óskaði hann eftir því, að núverandi stjórnarmenn, sem ætla að hætta sitji í eitt ár til viðbótar.

4. Formaður ræddi um breytingar á formönnum nefnda. Þetta var nokkuð rætt.

5. Formaður ræddi um komu gesta og fleira því tengt.

6. Skúli ræddi um tillögu um gjald til beitarhólfa.

Fundi slitið kl. 10:30

| | |
|---|---|
| Kári Arnórsson | Guðmundur Jónsson |
| Kristbjörg Eyvindsdóttir | Skúli Ögm. Kristjónsson. |
| Sigfús Guðmundsson | Kristmundur Halldórsson |
| Elísabet Þ. Þórólfsdóttir | Sigbjörn Björnsson |